

Langanesbyggð

Sigurður Þór Guðmundsson, oddviti og Björn S. Lárusson, sveitarstjóri

Að beiðni oddvita og sveitarstjóra Langanesbyggðar hefur undirritaður tekið saman eftirfarandi álit vegna fyrirhugaðrar fjárfestinga í grunnskóla að fjárhæð 1.000 millj. kr. á árunum 2026 - 2029. Sjá sundurliðun niður á fjögurra ára fjárhagsáætlun hér að neðan. Álit þetta er tekið saman í samræmi við ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum, um miklar fjárfestingar og skuldbindingar. Lagaákvæðið er eftirfarandi:

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár.

Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur nú til umræðu fjárhagsáætlun fyrir árin 2026 – 2029. Í fjárhagsáætlun er fyrirhuguð fjárfesting í grunnskóla að fjárhæð 1.000 millj. kr.

- 250 millj. kr. árið 2026
- 250 millj. kr. árið 2027
- 250 millj. kr. árið 2028
- 250 millj. kr. árið 2029

Fyrirliggjandi er fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029.

Eftirfarandi eru töflur þar sem fram kemur samanburður á helstu lykilstærðum A og B hluta með og án fjárfestinga í grunnskóla, með hliðsjón af ársreikningi ársins 2024, útkomuspá ársins 2025 og drögum að fjárhagsáætlun árána 2026-2029 sem fyrirhugað er að samþykkja við seinni umræðu fimmtudaginn 11. desember.

OS.

Langanesbyggð

Samanburður rauntalna og áætlana samstæða A og B hluta í þúsundum króna

Fjárhagsáætlun með fjárfestingu grunnskóla						
	Ársreikningur ársins 2024	Útkomuspá ársins 2025	Áætlun ársins 2026	Áætlun ársins 2027	Áætlun ársins 2028	Áætlun ársins 2029
Rekstrartekjur	1.647.686	1.554.652	1.649.400	1.434.289	1.489.909	1.489.310
Rekstrargjöld	1.266.279	1.290.195	1.406.604	1.215.653	1.278.667	1.331.939
Afskriftir	75.748	103.773	114.546	124.796	134.356	143.066
Fjármagnsliðir (fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld)	63.251	49.376	59.517	60.128	57.348	64.435
Rekstramiðurstæða	242.407	111.308	68.733	33.712	19.538	(50.130)
Veltufé frá (til) rekstrar	388.837	223.035	193.868	187.305	188.649	132.072
Skuldir	950.179	1.092.386	1.288.377	1.368.013	1.524.041	1.703.240
Skuldahlutfall	58%	70%	78%	95%	102%	114%
Rekstrarjöfnuður	465.178	514.090	422.449	213.663	121.893	3.031


Fjárhagsáætlun án fjárfestingar grunnskóla						
	Ársreikningur ársins 2024	Útkomuspá ársins 2025	Áætlun ársins 2026	Áætlun ársins 2027	Áætlun ársins 2028	Áætlun ársins 2029
Rekstrartekjur	1.647.686	1.554.652	1.649.400	1.434.289	1.489.909	1.489.310
Rekstrargjöld	1.266.279	1.290.195	1.406.604	1.215.653	1.278.667	1.331.939
Afskriftir	75.748	103.773	110.796	113.546	115.606	116.816
Fjármagnsliðir (fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld)	63.251	49.376	45.267	34.665	30.064	26.011
Rekstramiðurstæða	242.407	111.308	86.733	70.426	65.572	14.544
Veltufé frá (til) rekstrar	388.837	223.035	208.118	207.009	202.004	150.622
Skuldir	950.179	1.092.386	988.377	925.859	859.110	788.087
Skuldahlutfall	58%	70%	60%	65%	58%	53%
Rekstrarjöfnuður	465.178	514.090	440.449	268.467	222.731	150.542

Áhrif fjárfestingar á helstu lykilstærðir Langanesbyggðar						
	Ársreikningur ársins 2024	Útkomuspá ársins 2025	Áætlun ársins 2026	Áætlun ársins 2027	Áætlun ársins 2028	Áætlun ársins 2029
Rekstrartekjur	0	0	0	0	0	0
Rekstrargjöld	0	0	0	0	0	0
Afskriftir	0	0	3.750	11.250	18.750	26.250
Fjármagnsliðir (fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld)	0	0	14.250	25.463	27.284	38.424
Rekstramiðurstæða	0	0	(18.000)	(36.713)	(46.034)	(64.674)
Veltufé frá (til) rekstrar	0	0	(14.250)	(19.704)	(13.355)	(18.550)
Skuldir	0	0	300.000	442.154	664.931	915.154
Skuldahlutfall	0%	0%	18%	31%	45%	61%
Rekstrarjöfnuður	0	0	(18.000)	(54.804)	(100.837)	(147.511)

Við yfirferð framangreindra gagna verður ekki betur séð en að áform um fjárfestingu í grunnskóla hafi íþyngjandi langtímaáhrif á rekstur og fjárhag sveitarfélagsins. Rekstrarjöfnuður A og B hluta sveitarfélagsins er áætlaður jákvæður allt áætlunartímabilið en fer lækkandi á öllu tímabilinu og verður ekki nema 3 millj. kr. árið 2029. Skuldastaða sveitarfélagsins mun hækka úr 1.092 millj. kr. í árslok 2025 í 1.703 millj. kr. í árslok 2029. Stæða handbærs fjár lækkar á tímabilinu 2025-2029. Þá er áætlað að skuldahlutfall sveitarfélagsins (skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum) muni hækka úr 70% í árslok 2025 í 114% í árslok 2029 sem er þó undir þeim viðmiðunum sem sveitarstjórnarlög kveða á um.

Reykjavík, 9. desember 2025

Virðingarfyllt,


Ólafur Sveinsson, hagverkfræðingur